

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

FUNDARGERÐ

29. fundur

Fundur var haldinn í byggingarnefnd Suður-Þingeyinga mánudaginn 22. mars árið 2010. Fundurinn fór fram að Kjarna á Laugum og hófst hann kl. 13⁰⁰.

Fundinn sátu:

Eiður Árnason, Helgi Hallsson, Jóhannes Steingrímsson, Kolbeinn Kjartansson, Kristján Snæbjörnsson og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **201003003 – Byggingarskýrsla S-Þing 2009**

Byggingarskýrsla Suður-Þingeyinga fyrir árið 2009 kynnt.

2. **201003043 – Erindi frá Ferðafélagi Akureyrar**

Ferðafélag Akureyrar óskar eftir stöðuleyfi fyrir geymslugám við hlið landvarðahúss við Drekgil í Dyngjufjöllum.

Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkt verði stöðuleyfi til tveggja ára.

3. **201003017 - Erindi frá Jóhanni G. Sævarssyni, Stapasíðu 11d, Akureyri**

Jóhann G. Sævarsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð 7 í landi Núpa í Aðaldal. Frístundahúsið er 112 m² og geymsla 13,5 m². Teikningar eru unnar af Haraldi Árnasyni.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að ekki berist athugasemdir við grenndarkynningu frá lóðum nr. 6, 16, 30 og 31.

4. **201002085 – Erindi frá Lundsgolfi ehf. Lundi, Fnjóskadal**

Lundsgolf ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við golfskála félagsins að Stekkjarbyggð 215069. Viðbyggingin sem í er inngangur og snyrtingar er 36,6 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Þresti Sigurðssyni á Opus ehf.

Byggingarnefnd samþykkir erindið enda verði aldrei fleiri en 50 gestir í veitingasal.

5. **200909074 – Erindi frá Helgu Haraldsdóttur og Alfreð Almarssyni, Ásvegi 17, Akureyri**

Helga Haraldsdóttir og Alfreð Almarsson sækja um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við frístundahús að Skógum lóð 2, Fnjóskadal. Viðbyggingin er bjálkahús á steiptum grunni. 29,1 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Árna Gunnari Kristjánssyni byggingartæknifræðingi. Áður var fjallað um erindið á fundi nefndarinnar 7. október s.l. og þá hafnað þar sem húsið er staðsett út fyrir byggingarreit. Borist hefur samþykki nágranna.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

6. 201002035 - Erindi frá Þingeyjarsveit

Ingólfur Pétursson f.h. Þingeyjarsveitar sækir um leyfi til að setja björgunarop úr kjallara á norðurhlíð Félagsheimilisins Ljósvetningabúðar.

Byggingarnefnd samþykkir erindið en telur að ekki náist fullkomið björgunarop með aðgerðinni.

7. 201002021 – Erindi frá Bergljótu Hallgrímsdóttur og Jóni Fornasyni, Haga 1, Aðaldal

Bergljót Hallgrímsdóttir og Jón Fornason sækja um leyfi til að breyta útihúsum að Haga 1.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

8. 201001074 – Erindi frá Grænum lausnum ehf. Mývatnssveit

Grænar lausnir ehf. sækja um leyfi til að reisa reykhlíf við skemmu félagsins að Reykjahlíð lóð 204749.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

9. 201003062 – Erindi frá Birni G. Yngvasyni, Skútustöðum 2, Mývatnssveit

Björn G. Yngvason sækir um byggingarleyfi fyrir 60 m² frístundahús á byggingarreit merktum B á deiliskipulagi af Skútustöðum. Teikningar eru unnar af Per Langsøe Christensen arkitekt.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykkt á deiliskipulagi.

10. 201003069 – Erindi frá Baldvini Þór Ellertssyni, Vallartúni 3, Akureyri

Baldvin Þór Ellertsson sækir um breytingu frá áður samþykktu byggingarleyfi að Arnstapa lóð 5, Þingeyjarsveit. Byggingarnefnd samþykkti byggingarleyfi fyrir húsið 24.5.2007. Húsið er á tveimur hæðum samtals 137,3 m² og 424,9 m³. Teikningar eru unnar af Árna Gunnari Kristjánssyni.

Breytingin felst í því að nú er sótt um að byggja úr steinsteypu en átti áður að vera timburhús.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

11. 201003070 – Erindi frá Maríu Sveinbjörnsdóttur, Revnilundi 8, Akureyri

María Sveinbjörnsdóttir sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við frístundahús að Höfðabyggð E-18, Lundsskógi. Viðbyggingin er 10,5 m² tengibygging milli frístundahúss og gestahúss. Teikningar eru unnar af Árna Gunnari Kristjánssyni.

Byggingarnefnd samþykkir erindið. Gluggar úr svefnherbergjum skulu nýtast sem björgunarop.

12. 201003082 – Erindi frá Hreini Gunnlaugssyni. Smáratúni 14, 601 Akureyri

Hreinn Gunnlaugsson sækir um byggingarleyfi fyrir gestahús við frístundahúsið að Laugabergi 153814 í Reykjadal. Húsið er 15,4 m² bjálkahús. Teikningar eru unnar af Árna Gunnari Kristjánssyni.

Byggingarnefnd hafnar erindinu vegna fjarlægðar frá þjóðvegi.

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 15⁴⁵.

Eiður Árnason
Jóhannes Steingrímsson
Helgi Hallsson
Kristján Snæbjörnsson
Kolbeinn Kjartansson
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi